



Lúxemborg, 3. október 2014

FRÉTTATILKYNNING 12/2014

Dómur í máli E-21/13 *Fédération Internationale de Football Association (FIFA)* gegn *Eftirlitsstofnun EFTA*

SÝNA MÁ LOKAKEPPNI HEIMSMEISTARAKEPPNI FIFA Í BEINNI ÚTSENDINGU Í OPINNI SJÓNVARPSDAGSKRÁ

Árið 2013 útbjó norska ríkisstjórnin skrá yfir þá viðburði sem hún taldi hafa verulega þýðingu fyrir almenning á grundvelli tilskipunar 2010/13/ESB um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu. Tilskipunin heimilar EES-ríkjum að banna að sent sé út í lokaðri dagskrá frá þýðingarmiklum viðburðum þegar slík útsending kæmi í veg fyrir að stór hluti almennings hefði möguleika á að fylgjast með þeim í opinni sjónvarpsdagskrá. Skráin var í kjölfarið send Eftirlitsstofnun EFTA („ESA“) sem tók þá ákvörðun að hún samræmdist EES-rétti en hún hafði meðal annars að geyma alla leiki lokakeppni heimsmeistarakeppninnar.

Fédération internationale de football association („FIFA“), sem er bæði skipuleggjandi og eini handhafi upprunalegu réttinda heimsmeistarakeppninnar í fótbolta, höfðaði mál fyrir EFTA-dómstólnum til ógildingar á ákvörðun ESA. FIFA hélt því fram að ákvörðun ESA væri ekki nægilega rökstudd og bryti í bága við EES-rétt að svo miklu leyti sem hún fæli í sér samþykki fyrir því að skrá heimsmeistarakeppnina í heild sinni sem viðburð sem verulega þýðingu hafi fyrir norskan almenning og geti sem slíkur orðið hluti af viðburðaskránni á grundvelli tilskipunarinnar. FIFA hélt því einkum fram að leikjum í lokakeppni heimsmeistarakeppninnar, öðrum en úrslitaleiknum, undanúrslitaleikjunum tveimur og leikjum landsliðsins, („annars flokks leikjum“) mætti ekki bæta við þá skrá.

Með dómi sem kveðinn var upp í dag hafnaði dómstóllinn kröfu FIFA. Dómstóllinn tók fram að EES-ríki hafi vítt svigrúm til þess að meta hvaða viðburðir teljist hafa verulega þýðingu og að hlutverk ESA sé takmarkað að þessu leyti við að meta hvort ríki hafi farið að EES-rétti við þetta frjálsa mat. Hafi EES-ríki skráð verulega þýðingu viðburðar með lögmatum hætti sé ESA því skylt að rannsaka einungis áhrif þeirrar skráningar á frelsi og réttindi sem EES-réttur tryggi og gangi framur þeim sem tengjast í eðli sínu slíkri skráningu.

Dómstóllinn fellst á niðurstöðu ESA um að sérstakur almennur áhugi sé á öllum leikjum í lokakeppni heimsmeistarakeppninnar, að þessir leikir hafi í gegnum tíðina verið sendir út í opinni sjónvarpsdagskrá og laðað að sér stóran hóp sjónvarpsáhorfenda í Noregi og geti þess vegna í heild sinni talist viðburðir sem verulega þýðingu hafi fyrir norskan almenning.

Að mati dómstólsins tengjast þær takmarkanir sem fylgi skráningu lokakeppni heimsmeistarakeppninnar í heild sinni markmiðum sem stuðli að almennum hagsmunum og feli ekki í sér óhófleg og óbærileg afskipti sem skerði inntak réttindanna sem tryggð séu með EES-rétti. Dómstóllinn fann því enga verulega annmarka á ákvörðun ESA sem leiða hefðu átt til synjunar þeirra ráðstafana sem Noregur tilkynnti ESA.

Loks komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu, í ljósi takmarkaðrar heimildar ESA til að endurskoða skráningu EES-ríkis á viðburði sem verulega þýðingu hafi og ítarlegrar þekkingar

útrvarpsrekenda á þeim ástæðum sem að baki slíkri skráningu liggi, sé ESA heimilt að rökstyðja ákvörðun sína með gagnorðum hætti.

Með vísan til þessara aðstæðna sýknaði dómstóllinn ESA af öllum kröfum FIFA.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.